

Bæjarráð - 2 : 2406080 - Beiðni til sveitarstjórnar um smölun ágangsfjár

Til : aratog@simnet.is <aratog@simnet.is>
Frá : Gerður B. Sveinsdóttir
CC : Geir Gestsson <geir@vesturbyggd.is>
Heiti : Bæjarráð - 2 : 2406080 - Beiðni til sveitarstjórnar um smölun ágangsfjár
Málsnúmer : 2406080
Málsaðili : Bjarni Svanur Kristjánsson
Skráð dags : 28.06.2024 16:44:00
Höfundur : Gerður B. Sveinsdóttir
Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Innsent erindi var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þriðjudaginn 25. Júní sl. Þar sem eftirfarandi var bókað:

2406080 - Beiðni til sveitarstjórnar um smölun ágangsfjár

„Lagt fram erindi frá Bjarna Kristjánssyni sem barst með tölvupósti dags. 14. júní 2024 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið hlutist til um að smala ágangsfé á jörð bréfitara, Auðshaugi, skv. 1. mgr. 33. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

Bæjarráð Vesturbyggðar bendir á að samkvæmt samþykkt um búfjárhald í Vesturbyggð er lausanga sauðfjár heimil utan þéttbýla í sveitarfélaginu, sbr. 5. gr. laga um búfjárhald, nr. 38/2013. Í erindinu koma ekki fram upplýsingar um umfang og/eða hver er fjöldi ágangsfjár eða hvert mögulegt tjón bréfitara kunnir að vera vegna ágangsfjár. Í samræmi við leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga felur bæjarráð bæjarstjóra/sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að afla frekari upplýsinga og gagna frá bréfitara og eftir atvikum eigendum sauðfjár á svæðinu, svo unnt sé að taka afstöðu til beiðni bréfitara um smölun ágangsfjár.“

Í ljósi þess óskast upplýsingar um hvert umfang og eða hver fjöldi ágangsfjár er og hvert mögulegt tjón kann að vera vegna þess.

Með kveðju,

Gerður Björk Sveinsdóttir

Bæjarstjóri

[Vesturbyggð](#)

